

9. bekkur 2022-2023

Námsgreinar í 9. bekk skiptast í kjarnagreinar og frjálst val.
Kjarninn skiptist á eftirfarandi hátt:

Íslenska	6 kennslustundir
Stærðfræði	5 kennslustundir
Danska	3 kennslustundir
Enska	4 kennslustundir
List- og verkgreinar	4 kennslustundir
Íþróttir	2 kennslustundir
Sund	1 kennslustund
Upplýsinga- og tæknimennt	1 kennslustund
Náttúrufræði	3 kennslustundir
Samfélagsfræði	3 kennslustundir
Samtals	32 kennslustund

Frjálst val

Til viðbótar kjarna eiga nemendur að velja sér valgreinar í frjálstu vali þannig að heildartímafjöldinn verði um 37 kennslustundir á viku.

Hafið það hugfast, að valgreinarnar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og skyldugreinarnar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni.

Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í valgrein í frjálstu vali þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja **6 valgreinar** á valblöðum sínum. Þær koma þá til álita ef aðrar valgreinar sem nemandinn hefur valið falla niður sökum fámennis eða að ekki fæst kennari í greinina.

Valgreinar í boði

Boltaval

Markmið

- Að efla hreyfingu hjá þeim sem langar til að hreyfa sig en eru ekki að æfa skipulagðar íþróttir.
- Að auka fjölbreytni hjá þeim sem vilja aukna hreyfingu.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Í tímum er lögð áhersla á að nemendur fái fjölbreytta hreyfingu í formi leikja og skemmtunar. Þetta val hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á boltaíþróttum en eru ekki að æfa skipulagðar íþróttir. Farið er yfir helstu reglur í nokkrum mismunandi tegundum boltaíþróttar. Valið fer fram í íþróttahúsinu við Setbergsskóla.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi í tímum.

Enski boltinn

Markmið

- Ýti áhugasvið unglinga á enska boltanum og knattspyrnu.
- Auka fjölbreytni náms í unglingadeild.
- Að nemendur kynnist sögu og menningu enska boltans.
- Að nemendur kynnist liðum og leikmönnum deildarinnar.
- Kynna nemendum fyrir mismunandi leiðum til að auka áhuga á íþróttinni, eins og fantasy leikur og giskað á úrslit leikja.
- Kynna nemendum mismunandi leiðum til að fylgjast með ensku deildinni eins og podcöst.
- Fá nemendur til þess að búa til kynningu/podcast um efnið.
- Nemendur vinni saman í hópum.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Önnur fræðileg, hin verkleg.

Námsmat

Mæting og virkni yfir önnina. Podcast/kynning tengt efninu.

Fatasaumur, prjón og hekl

Markmið

- Að fá grunnþjálfun í saumum.
- Að læra að taka upp snið úr blöðum og sauma einfalda flík.
- Að fá grunnþjálfun í hekli og prjóni.
- Að læra að vinna eftir uppskriftum og lesa þær.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Verkefni eru fjölbreytt og ætlast er til sjálfstæðra vinnubragða hjá nemendum og stefnt að því að þeir verði að mestu leyti sjálfbjarga. Ef nemandi hefur áhuga á að sauma flík úr eigin efnum getur hann fengið aðstoð við það.

Námsmat

Byggir á virkni og vinnusemi.

Félagsstörf og atburðastjórnun

Markmið

- Að fá þjálfun í að halda utan um og stjórna félagsstarfi.
- Að þjálfast í að halda fundi og að stjórna atburðum og félagsstarfi.
- Að fá tækifæri til þess að láta hugmyndir sínar um félagsstörf verða að veruleika.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Valið er ætlað þeim nemendum sem kosnir verða í nemendaráð og ýmsar nefndir. Þeir aðstoða við að skipuleggja og halda stóra og smáa viðburði í skólanum.

Námsmat

Byggir á virkni og vinnusemi.

Heimanám

Markmið

- Að fá aðstoð við heimanám.
- Að læra að bera ábyrgð á eigin námi.
- Að fá aðstoð við að skipuleggja nám sitt.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Nemendum stendur til boða stuðningur og aðhald við námið. Lögð er áhersla á að nemendur læri að skipuleggja vinnu sína og að setja sér markmið.

Námsmat

Umsögn um virkni og vinnusemi í tímum.

Jóga og slökun

Markmið

- Að kynnst hugmyndafræði jóga og núvitundar.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Nemendur læra jógaæfingar og slökun. Unnið er að því að styrkja líkamann og veita vellíðan.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi í tímum.

Kvikmyndir byggðar á sögulegum atburðum og teiknimyndasögum

Markmið

- Að skoða hvernig sagan birtist í kvikmyndum.
- Að meta sögulegt efni í kvikmyndum og teiknimyndasögum.
- Að nýta fræðilegt efni jafnt á íslensku sem erlendum tungumálum.
- Að beita gagnrýninni hugsun.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Kvikmyndir sem byggja á sögulegum atburðum hafa notið mikillar hylli í gegnum tíðina. Kvikmyndir byggðar á teiknamyndasögum hafa einnig verið gríðarlega vinsælar síðast liðin ár. Má þar t.d. nefna Dc og Marvel myndirnar. Í þessum áfanga verður horft á kvikmyndir sem byggðar eru á sögulegum atburðum og teiknamyndasögum. Horft verður á kvikmyndirnar og síðan skoðaður muninn á myndinni og atburðunum sjálfum. Einnig verður skoðað hvernig teiknimyndasögur endurskapast í kvikmyndum.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi í tímum.

Leiklistarval

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir í viku.

Viltu efla sjálfstraust, virkni, framkomu og taka þátt í frábæru verkefni?

Í þessum stórskemmtilega áfanga fá nemendur tækifæri á að kynnast því hvernig lítil hugmynd getur orðið að handriti og svo stuttmynd. Unnið verður í gegn um spuna, leikhússport og fjölbreyttar leiklistaræfingar. Einnig förum við í vettvangsheimsóknir til að styrkja hugmyndir, vinnum dagbók og sköpum persónur út frá eigin upplifun.

Huga þarf að mörgu eins og handriti, sviðsmynd, búningum, leikmunum, lýsingu, hljóði o.fl. En fyrst vinnum við með hugmyndir nemenda og skoðum hvað við viljum gera. Notast er við fjölbreyttar aðferðir leiklistarinnar til að skapa, túlka og framkvæma þær hugmyndir sem koma hjá nemendum í tímum.

Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað

handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla.

Markmið

1. Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum.
2. Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tæki til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt.
3. Valið milli forma og stíls í eigið sköpun og rökstutt val sitt.
4. Skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist.
5. Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist.
6. Prófað sig áfram og valið úr túlkunarleiðum á mismunandi tegundum leiktexta.
7. Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara. Beitt rými, radd- og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína.
8. Valið milli mismunandi aðferða við sviðssetningu, bæði hvað varðar frásagnarform og leikstíl, prófað sig áfram og tekið sjálfstæðar ákvarðanir í sköpunarferlinu. Skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem beitt er grunnreglum við uppsetningu leikhandrits fyrir svið og/eða myndmiðla.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá samvinnu, frumkvæði, þátttöku í tíma, og vinnubók.

Líkamsrækt

Markmið

- Að efla hreyfingu hjá þeim sem langar til að hreyfa sig en eru ekki að æfa skipulagðar íþróttir.
- Að auka fjölbreytni hjá þeim sem vilja aukna hreyfingu.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Í tímum er lögð áhersla á margvíslega hreyfingu í formi hefðbundinna íþróttar, styrktar- og þolæfinga og leikja. Nemendur fá fræðslu um þjálfunaraðferðir og helstu hugtök sem notuð eru við þjálfun á þoli og styrk.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi í tímum.

Matur og menning - Bakstur

Markmið

- Að kynna mismunandi matarmenningu.
- Að læra að elda mat frá mismunandi löndum.
- Að læra að lesa uppskriftir og fara eftir þeim.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Fyrir áramót verður fjallað um mismunandi menningarheima og hvað það er sem hefur áhrif á matarhefðir og val á hráefnum. Prófað verður að elda

og /eða baka mismunandi rétti frá mismunandi menningarheimum t.d. frá Indlandi, Kína og Mexíkó.

Verkefni verða margvísleg t.d. matur frá Indlandi, Frakklandi og fleiri löndum. Farið verður í vettvangsferð á veitingahús ef hægt verður.

Eftir áramót verður hefðbundið bakstursval þar sem nemendur kynnst mörgum aðferðum við að baka úr fjölbreyttu hráefni.

Námsmat

Símat, byggt á frammistöðu nemenda í tímum. Metnir verða þættir eins og vandvirkni, samstarf, frumkvæði og framfarir. Verklegt próf í lokin þar sem nemendur elda.

Myndmennt

Markmið

- Að nemendur þjálfist í að vinna út frá eigin hugmyndum og áhugasviði.
- Að nemendur þekki og geti nýtt sér grunnþætti myndlistar.
- Að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar.
- Að nemendur geti gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einir og í samvinnu.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Nemendur vinna út frá eigin áhugasviði, áhersla lögð á hugmyndavinnu og skissugerð. Ýmsir listamenn kynntir og farið verður á allavega eina listsýningu og unnið út frá þeirri heimsókn.

Hæfniviðmið að nemandi geti:

- Unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar.
- Notað þá leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði.
- Sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði.
- Sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli á myndrænan hátt og í texta.
- Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.

Námsmat

Símat og leiðsagnarmat verður lagt til grundvallar að námskeiði loknu og eru hæfniviðmiðin metin til jafns.

Skólaval- Stuðningur við yngri nemendur

Markmið

- Að efla ábyrgðartilfinningu og styrkja félagshæfni nemenda.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Nemendur hjálpa til með því að skipuleggja leiki og aðstoða yngri nemendur í skólastarfinu.

Námsmat

Byggir á mætingu og virkni.

Smíðar og hönnun

Markmið

- Að efla sjálfstraust og frumkvæði til góðra verka í handverki og hönnun.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Nemendur vinna að eigin hugmyndum og smíða úr ýmsum efnivið í samráði við kennara.

Námsmat

Símat sem byggir á virkni og vinnusemi.

Spil og spurningaleikir sem tómstundagaman

Markmið

- Að læra ýmis konar spil, borðspil og spurningaspil og geti spilað þau sér og öðrum til skemmtunar.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Nemendur koma með spil og kynna fyrir öðrum. Stefnt skal að því að fara í heimsókn í Spilavini og skoða það sem er á boðstólum þar. Einnig að vera til taks til að kenna yngri börnum og bjóða vinum eða einhverjum úr fjölskyldunni í spilatíma/spilakvöld. Bjóða Spilavinum í heimsókn eða fara til þeirra á spilakvöld.

Nokkur dæmi: Bohnanza, Catan, Game of life, Dominon, Trivial, Rummykub, Dixit, Gettu betur, 7Wonders, Teiknispilið, Bezzerwisser, Carcassonne, Pandemic, Ticket to Ride, Zatre og margt fleira

Námsmat

Virkni og áhugi.

Snillismiðja

Markmið

- Að læra að nota tækin í snillismiðjunni
- Að læra grunn að forritun
- Að fá tækifæri til að nýta tæknina til sköpunar

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir í viku. Nemendur læra á forrit og tæki snillismiðjunnar til að skapa verk. Læra grunn að forritun og æfa sig í forritun með því að leysa áskoranir.

Námsmat

Virkni og vinnusemi í tímum, afurðir nemenda úr snillismiðju og forritun.

Spænska

Markmið

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:

- Almennum orðaforða.
- Helstu reglum um framburð.
- Ólíkum venjum og menningu spænskumælandi landa.

Nemandi öðlist leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt.
- Fylgja einföldum fyrirmælum á spænsku í kennslustundum.
- Skilja einfalda texta, sem innihalda algengan orðaforða, sem tengist þeim sjálfum, umhverfi og fjölskyldu.
- Taka þátt í einföldum samræðum um sjálfan sér og aðra, fjölskyldu og fjölskyldutengsl, störf, þjóðerni, lönd og tungumál.
- Beita kurteis- og málvenjum við hæfi.
- Skrifa einfalda texta í takt við viðfangsefni áfangans.
- Beita helstu reglum um málnotkun á sem réttastan hátt í ræðu og riti.
- Beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn.

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina einfaldar upplýsingar.
- Eiga einföld samskipti á spænsku.
- Segja frá persónulegum högum í ræðu og riti á einfaldan hátt.
- Vinna úr einföldum texta á mismunandi hátt eftir efni og eðli textans og tilganginum með lestrinum.

Áfangalýsing:

Tvær kennslustundir á viku. Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins og fái innsýn í menningu spænskumælandi landa. Nemendur læra að kynna sig og kynna aðra, tala um fjölskyldu sína, áhugamálum og nánasta umhverfi. Nemendur eru þjálfaðir í færniþáttunum fjórum; tali, hlustun, ritun og lestri.

Stíll

Markmið

- Að læra að hanna og útfæra hugmynd.
- Að taka upp snið, breyta og útfæra í samræmi við hugmynd.
- Að leggja snið á efni, sníða og sauma flík
- Að koma hugmyndum sínum á blað og vinna í hugmyndamöppu
- Að efla frumkvæði, sköpun og sjálfstæði.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Unnið verður í samvinnu við félagsmiðstöðina Setrið þar sem nemendur vinna meðal annars að hugmyndamöppunni og hanna og sauma flíkina í textílmenn. Tveir til fjórir nemendur vinna saman í hóp þar með talið módelið.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi í tímum.

Stuttmyndagerð

Markmið

- Að vinni handrit að stuttmyndum.
- Að taka upp og fullvinna myndbönd.

Áfangalýsing

Tvær kennslustundir á viku. Áhersla er á stutta myndbandatriði, hvernig vinnslan er frá hugmynd til myndar. Farið er í hvernig nota má green screen og kynnum okkur AR í myndbandsgerð.

Námsmat

Áhugi, virkni og vinnusemi.

Útivist

Markmið

- Að auka útivist og hreyfingu.
- Að kynnast umhverfi skólans, bæjarins og nálægra bæja.
- Að njóta náttúru og umgangast hana af virðingu.

Áfangalýsing

Kennslustundir samsvara 2 stundum á viku. Áfanginn byggðist á ýmsum ferðum löngum og stuttum. Má þar nefna göngu- og hjólaferðir, sund, skíði, skauta, golf, frisbee, siglingu og fleira. Klæðnaður og útbúnaður miðast við veður og viðfangsefni hverju sinni. Leitast er við að nemendur njóti þess að vera úti, kynnist nýjum leiðum til útivistar, reyni á sig og búi sig vel.

Námsmat

Virkni, viðhorf og ástundun.

Veistu svarið?

Markmið

- Að auka almenna þekkingu nemenda.

Áfangalýsing

Ein kennslustund á viku. Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur sem hafa áhuga á að taka þátt í spurningakeppni grunnskóla.

Námsmat

Virkni og ástundun.

Yndislestur

Markmið

- Að lesa bókmenntir eftir innlenda sem erlenda höfunda.
- Að lesa bækur sér til ánægju.
- Að þjálfast í að ræða um bækur.

Áfangalýsing

Ein kennslustund í viku. Nemendur lesa nokkrar bækur að eigin vali af bókalista kennara og taka þátt í umræðum um þær.

Námsmat

Virkni og vinnusemi í tímum, munnleg skil.

Val utan skóla

2- 4 stundir á viku (Fer eftir umfangi utanskóla valgreinar).

Hægt er að fá annað nám metið sem valgrein, t.d. tónlistarnám, knapamerki, listdans, íþróttir.

Athugið!

Nemendur verða að gera samning og skila inn staðfestingu um námið undirritaðri af forráðamönnum.